

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík

Reykjavík, 22. janúar 2003

**Umsögn stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 94 / 29. desember 1962, lagt fyrir á Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002-2003:**

Óformlegt samráð hefur verið haft við stjórnarmenn SSH vegna eftirfarandi umsagnar. Málið verður afgreitt formlega á stjórnarfundi í febrúar n.k.

“Í 4. gr. frumvarpsins segir: *“Heimilt er sveitarstjórnnum að semja um að koma á fót sameiginlegri almannavarnanefnd, en nái slík sameining yfir tvö eða fleiri lögsagnarumdæmi er slík sameining háð staðfestingu ráðherra.”*

**Stjórn SSH telur afar brýnt að umrædd lagabreyting nái fram að ganga svo að mynda megi eina sameiginlega almannavarnanefnd á höfuðborgarsvæðinu.**

Í febrúar 2002 sendu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu dómsmálaráðuneytinu erindi þar sem óskað var eftir því að þær þrjár almannavarnanefndir sem störfuðu á svæðinu yrðu sameinaðar í eina. Um er að ræða almannavarnanefnd Hafnarfjarðarumdæmis sem Bessastaðahreppur, Garðabær og Hafnarfjarðarbær reka sameiginlega, almannavarnanefnd Kópavogsbæjar og almannavarnanefnd KMRS sem Kjósarhreppur, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarnes reka sameiginlega. Jafnframt var gert ráð fyrir að unnið yrði að mestu eftir skipulagi sem tekið var upp með tilkomu almannavarnanefndar KMRS árið 1998 og dómsmálaráðuneytið staðfesti í júní það ár.

Sveitarfélögin átta á svæðinu hafa lagt mikla vinnu í þessi sameiningaráform. Fjallað hefur verið um málið í almannavarnanefndunum þremur, auk þess sem sveitarstjórnir allra sveitarfélaganna hafa tekið málið fyrir og staðfest vilja sinn til sameiningar nefndanna þriggja í eina nefnd.

Í 5. gr. frumvarpsins, liðum a-h, eru tilgreindar ráðstafanir sem almannavarnanefndum er falin framkvæmd á samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

Stjórn SSH hefur ekki forsendur til að meta á þessu stigi hvort lagabreytingin hefur í för með sér aukin verkefni almannavarnanefnda frá fyrri lögum og þar með aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin í landinu.

**Stjórn SSH leggur á það áherslu, að hafi umrædd lagabreyting í för með sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin, verði sá útgjaldauki bættur að fullu af hálfu ríkisins.”**

Virðingarfyllst,  
Fyrir hönd Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

---

Guðmundur Malmquist  
framkvæmdastjóri